

ÆSKUMYND

Guðbergur Bergsson hefur greinilega tekið stakkaskiptum frá því hann var ljósmyndaður 25 ára gamall, nýkominn með kennarapróf. Rokkbylgjan hefur lyft lurgnum á honum fyrir tæpum fjörutíu árum meðan tíska síðasta árs hefur, ásamt náttúrulegri hnignun, skilað framgreiðslu með hvern lokk á sínum stað. Ungdómsheiðríkjan í svipnum er þó á dularfullan hátt meiri í dag en þá, eins og sólbrúnka suðrænni landa og sukksex síðustu bóka hafi gert hann sætari og óræðari á svip.

HEITT ÞREYTT

● Karlmenn með stutt hár. Íslendingar erlendis, sem brugðu sér til landsins í jólaleyfi, hafa ekki fyrirhitt eins marga drengjakolla á Íslandi um árabil. Svo dæmi sé tekið hefur kyntröllið og myndlistarneminn Sigurður Ólafsson – sem í mörg ár hefur státað af ljósum makka — látið lubbann fjúka.

● Fjármálaráðherrahjónin. Því það er engin lognmolla í kringum þau. Nýjasta fregnin um að þau eigi von á barni kemur þeim aftur í sviðsljósið. Eftir því sem PRESSAN kemst næst verður það sjötta barn hans en hjá henni barn númer tvö.

● Mokkajakkar. Gamlir sem nýir, en þó sérstaklega þessir gömlu sem foreldrar okkur gengu í með kröfuspjöldin á sínum tíma. Loksins varð eitthvað íslenskt heitt!

● Blondínur. Ótrúlegt en satt, en með pönkinu gerast blondínur aftur heitar. Nú eru þær að vísu með stutt, aflitað hár og ekki mjög vel greiddar.



● Barbiedúkkan. Þessi óaðfinnanlega kvenímynd er þreytt segja pistlahöfundar breska tímaritsins Vogue. Þó að hún hafi verið áberandi undanfarin ár fellur aðeins 1% mannkyns undir Barbie-skilgreininguna. Venjulegt fólk er það sem er heitt.


● Kjöt. Enda er maður búinn að fá nóg af meltingartruflunum um jólin. Við spáum því að afkomendur okkar — eftir um það bil tvær kynslóðir eða þrjár — muni hneykslast á því að „afar" þeirra og „ömmur" borðuðu ket.

● Breiðar varir. Þær eru kannski ekki þreyttar, en breiðar varir eru ekki lengur endilega aðalsmerki hinnar fullkomnu konu. Jafnvel örþunnar varir eru jafnheitar og breiðar.

● Andstæðingar femínismans. Það segir meira en mörg orð um nauðsyn hans að giftar konur lifa skemur en ógiftar en kvæntir karlmenn hins vegar lengur en ókvæntir!

TVÍFARAR





Sem krakka fannst manni allir svertingjar og mongólar eins en hins vegar skýr greinarmunur á öllum hvítum. Leikarinn **Skúli Gautason** og **Garðar Garðarsson**, fyrirliði landsliðsins í glæpum, afsanna þessa kenningu rækilega. Þeir eru nánast eins. Einhverra hluta vegna er bjartara yfir Skúla, sem er einkennilegt í ljósi þess að hann hefur ekki náð eins langt á sínu sviði og Garðar á sínu. En svo Garðar njóti sannmælis verður að ítreka það sem kom fram í síðustu *PRESSU*: Garðar er mun myndarlegri en þessi mynd gefur til kynna.

Fábreytt popp úr norðlenskum bílskúr



TÓNLIST

DR. GUNNI

Helgi og hljóðfæraleikararnir
HELGI OG HLJÓÐFÆRALEIKARARNIR
EINKAÚTGÁFA
★

Hér „fyrir sunnan" eru fáir sem gefa rokkinu á Akureyri mikinn gaum. Þaðan hafa þó komið mörg frambærileg bönd eins og t.d. Svörtu kaggarnir, sem spila poppað rokkabillí, og Hún andar, sem minnir á pönkaðan Þursaflokk. Skrefi undan á útgáfubrautinni er þó næsta óþekkt hljómsveit, jafnvel á norðlenskan mælikvarða; Helgi og hljóðfæraleikararnir, sem gáfu út geisladisk nú fyrir jólin.

Aðalmaðurinn í sveitinni hlýtur að vera Helgi Þórsson, sem syngur, en annars er bandið kvartett; bassi, gítar, trommur. Lögin sextán haltra áfram í fábreytileika vankunnáttunnar — drengirnir eru ekki snillingar á hljóðfærin sín — og lagasmíðarnar eru oftast of einfaldar og langdregnar til að halda athyglinni, sérstaklega þar sem lögin eru svona mörg og lík innbyrðis. Þótt oft sé kryddað smekklega með aukahljóðfærum er heildin alltof hrá. Ég á erfitt með að staðsetja þessa tónlist. Sumt minnir á það einfalda popp sem fyrrverandi Fræbbblar hafa verið að spila síðustu árin sem Glott og Mamma var Rússi. Þó vantar að mestu hinn poppaða kraft sem gefur þeirri tónlist gildi. Tónlistin er bílskúrsleg og líkist því rokki og poppi sem árlega má heyra á Músíktilraunum Tónabæjar. Sveitin er stefnulaus og það skín í gegn að hér eru fjórir strákar sem hafa hangið í skúrnum og ekki verið að leita að sínum eigin tón heldur bara haft gaman af að djamma. Á þessari plötu eru þeir ekki komnir langt á þróunarbrautinni, eru eiginlega ennþá í trjánum, en þeir hafa bein í nefinu og á næstu plötu verða þeir vonandi búnir að finna upp eldinn.

Það er eitthvað norðlenskt við raddbeitingu Helga. Hann minnir stundum á Kristján Pétur í Hún andar, hefur ágæta breidd og túlkar innihald textanna þokkalega. Bandið sér um bakraddir, tístir og rymur á víxl, og er oftast í lagi þótt stundum verði tilraunir til fyndni þreytandi. Það sama má segja um textana, sem eiga flestir að vera fyndnir en renna oftast á rassinn á svelli aulahúmorsins. Auðvitað er mest sungið um stelpur; „Leggirnir hennar finu, þeir voru eins og nagaðir tannstönglar, og pilsið hennar úr leðri, það var svo stutt að maður sá næstum því allt sem maður vildi." Júú, þetta er svo sem ekkert verra en Greifarnir. Svo eru sumir textar ekkert grín; „Í upphafi", „Vetur" og „Svanurinn" eru „dýpri" kveðskapur; svo sem ekki afleitt hnoð og sýna nokkrar sniðugar pælingar. Plötu Helga og hljóðfæraleikaranna vantar margt upp á til að mega teljast góð, en það er óhætt að gefa þeim prik fyrir dugnaðinn að koma henni út. Þegar þeir gefa út næstu plötu munu þeir eflaust hía á þetta þjófstart.



„Lögin sextán haltra áfram í fábreytileika vankunnáttunnar — drengirnir eru ekki snillingar á hljóðfærin sín — og lagasmíðarnar eru oftast of einfaldar og langdregnar til að halda athyglinni, sérstaklega þar sem lögin eru svona mörg og lík innbyrðis."

Pönkaður virðingarvottur

GUNS 'N ROSES
THE SPAGHETTI INCIDENT?
★

Hólkar og rósir verða að teljast með vinsælustu rokkhljómsveitunum í dag, ef ekki sú allra vinsælasta. Þegar þeir gáfu út síðastu plötu, „Use your illusion I & II", spurðist það út að rokkjöfrarnir ætluðu að sýna gömlum pönkslögurum virðingu sína og gefa út á lítilli plötu. Þessum áformum var slegið á frest og það var ekki fyrr en nýlega sem slagaraplatan leit dagsins ljós, hugmyndin nú orðin að stórri plötu svona rétt fyrir jólin, svo litlu Hólkabörnin fengju nú eitthvað í skóinn.

Hólkarnir taka tólf lög og fylgja að mestu upprunalegum útgáfum þótt þeirra eigin graðhestarokkkeimur smjúgi drjúgt í rokkið, enda í eðli sínu ekki svo ýkja fjarlægur því gamla gaddavírspönki sem þeir taka fyrir. Lögin koma þó víðar að en úr pönkhillunni. Hér eru að vísu lög sem verða aldrei annað en ræflarokk; enskt pönk eftir Sex Pistols, The Damned og UK Subs, amerískt frumpönk eftir Misfits, New York Dolls og Iggy Pop, en Hólkarnir grafa líka upp gamalt Nazareth-lag, eldgamla rokkslagarann „Since I don't have you", sem mestum vinsældum hefur náð, enda eina útvarpsvæna lagið á plötunni. Hér er meira að segja lag eftir flagarann Charles Manson, sem veitir eflaust ekki af STEF-gjöldunum í steininum. Sveitin bendir kaupendum á í umslaginu að leita að lögunum í flutningi höfundanna sjálfra. Ég tek undir, því þótt það sé virðingarvert af sveitinni að kynna þessi lög fyrir ungum aðdáendum bætir platan litlu við; öll lögin eru einfaldlega miklu betri í upprunalegum flutningi. Það eina sem Hólkarnir bæta við eru lengri og leiðinlegri gítarsóló og veinið í Axl Rose, sem hljómar oftast eins og álappaleg hæna í þessu klassíska pönkumhverfi. Bassaleikarinn Duff fær að syngja eitt lag og er vita laglaus en gaular þó. Þar hitta Hólkarnir í eina skiptið á plötunni á sanna pönktaug.



Dolli

Það er að fara með mig þetta röfl um síviliseraða drykkju. Hvaða væl er þetta eiginlega? Fátt veit ég skemmtilegra en að djúsa og þá að djúsa vel og lengi. Segir ekki einhvers staðar að æfingin skapi meistarann? Ég veit ekki betur en þetta sé eitt helsta slagorð streitara þessa heims. Nú, þeir sem eru leiðinlegir með víni, fara að slást (jæja, það má slást), lemja konur, brjóta húsgögn eða þá að grenja í einhverju sjálfsvorkunnaræði; þeir eru einfaldlega engir djúsarar. Né heldur þeir sem drepast (skýran greinarmun verður að gera á að fá sér fegurðarblund til að geta djúsað meira og að drepast), svo maður tali nú ekki um að æla; þeir eru heldur engir djúsarar. Hér verður þó að undanskilja Egil: „Síðan þeysti Egill upp ór sér spýju mikla, ok gaus í andlit Ármóði, í augun ok nasarnar ok í munninn." En allar þessar tegundir áfengisneytenda eru þó hátíð í bæ hjá þessum svokölluðu síviliseruðu drykkjumönnum. Öööaa. Sötrandi rauðvín og líkjöra á einhverjum af þessum hommalegu stöðum sem heita café hitt og café þetta. Til hvers að djúsa ef ekki til að verða fullur? Kaffi List er í lagi, þar má rekast á góða djúsara eins og Ara Matt, Hödda feita og fleiri. Ó nei, það voru ekki slíkir bóbóar sem byggðu þetta land hvað þá að á þá væri treystandi í harðindum. Því vil ég vekja athygli ykkar, djúsarar góðir, á stað sem heitir Skipperinn. Fínt nafn, finn bar, fínir djúsarar. Og ég frábið mér síviliseraða, rauðvínsmaríneraða bóbóa í einhverri pílagrímsferð þangað. Þeim hendir Ívar umsvifalaust út.